

Markmið og ábyrgð

Umhverfis- og sjálfbærnistefna Rafal tekur til allra starfsmanna og starfsemi fyrirtækisins. Forstjóri ber ábyrgð á gerð, viðhaldi og kynningu stefnuskjala Rafal.

Allir starfsmenn Rafal skulu ætíð hafa vernd umhverfisins að leiðarljósi og koma í veg fyrir mengun berist frá starfsemi félagsins. Stjórnendur skulu vinna að stöðugum umbótum umhverfismál og að minnsta kosti árlega skal framkvæmdastjórn setja sér markmið um verkefni sem stuðla að aukinni umhverfisvernd og sjálfsbærs samfélags. Öllum lögum varðandi umhverfismál skal fylgt eins og öðrum þeim lögum sem snerta starfsemi félagsins.

Rafal vill hafa sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í öllum aðgerðum, starfsemi fyrirtækisins skal ekki skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

Starfsemi fyrirtækisins felur meðal annars í sér notkun auðlinda sem skortur gæti orðið á, fer fram að hluta til í viðkvæmri náttúru og felur í sér notkun efna sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið sé meðhöndlun þeirra ekki í samræmi við bestu venjur. Starfsemin getur einnig falið í sér tækifæri til minnkunar kolefnisfótspor viðskiptavina með endurnýtingu, rafrænum lausum, bætingu rafmagnsgæða og öðrum þáttum sem minnkað geta kolefnislosun þeirra og bætt nýtingu auðlinda og tækja. Möguleg áhrif fyrirtækisins við minnkun kolefnislosunar eru því mikil og skal umgangast af virðingu.

Lágmarka skal notkun auðlinda í allri starfsemi, endurnýta það sem hægt er að endurnýta og leiðbeina viðskiptavinum okkar og starfsmönnum um leiðir til umhverfisvænna starfshátta. Við þróun starfsemi fyrirtækisins verður lögð áhersla á val verkefna sem stuðlað geta að aukinni sjálfbærni.

Velja skal umhverfisvænni valkosti eins og mögulegt er á hverjum tíma, hvort sem um er að ræða val hráefna, tækja og verkfæra eða vinnuaðferða.

Meðhöndlun efna skal vera í samræmi við bestu leiðir á hverjum tíma. Öll umhverfisatvik skal skrá í frávíkakerfi Rafal.

Starfsemi Rafal vill vera partur af þeim lausunum sem verða til minnkunar kolefnislosunar og verndun umhverfisins.

Markmið og verkefni

Verkefni	Ábyrgð	Lokið (dags.)	Staða
Gera endurbætur á lóð Rafal til að lágmarka hættu á að olía geti komist í jarðverg og ábyrga meðhöndlun efna.	Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs	31.03.2024	Í vinnslu
Meta hvaða bílum Rafal er mögulegt að skipta út fyrir umhverfisvænni valkosti varðandi orku	Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs	30.04.2024	Ekki hafið
Gera tímasetta áætlun um útskipti bíla Rafal sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti	Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs	31.05.2024	Ekki hafið
Minnka / hætta kaupum á frauðplastbökkum undir tilbúin mat í mötuneyti	Mannauðsstjóri	30.11.2024	Ekki hafið